



## **31. gr. Barnasáttmálans: Réttur barna til hvíldar, tómstunda og menningar**

### **31. gr.**

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálstrar þátttöku í menningarlífi og listum.
2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.

Einstök ákvæði Barnasáttmálans ber að túlka til samræmis við grunnreglur sáttmálans 2., 3., 6., og 12. gr. Þá veitir barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna leiðbeiningar um túlkum sáttmálans með almennum athugasemdum sem fjalla um einstakar greinar sáttmálans eða um tiltekin réttindi.

### **Almenn athugasemd númer 17**

Almenn athugasemd nefndarinnar nr. 17, fjallar um túlkun 31. gr. Þar áréttar nefndin mikilvægi leiks og afþreyingar fyrir heilsu og velferð barna og andlegan, félagslegan og tilfinningalegan þroska þeirra. Leikur barna á sér stað í einrúmi, í samneyti við jafnaldra eða fullorðna. Þegar fullorðnir og börn eru að leik þarf sá fullorðni að sýna aðgát og hefta ekki barnið í skipulagningu og framkvæmd á eigin leik.

Þá áréttar barnaréttarnefndin að hvíld og tómstundir séu jafn mikilvæg fyrir þroska barns og grunnþarfir á við umönnun, húsaskjól, heilbrigðisþjónusta og menntun.

### **1. mgr. 31. gr.**

Börn eiga rétt á nauðsynlegri hvíld frá vinnu, menntun eða áreynslu af öðrum toga og þurfa jafnframt að fá nægan svefn.

Nefndin áréttar rétt barna til tómstunda sem hæfa aldri þeirra en um getur verið að ræða menningu eða listir, samfélagsþátttöku, skipulagt félagsstarf, íþróttir, leikir og útivist. Nauðsynlegt er að tómstundir hæfi aldri barns, hvað varðar tímalengd, umhverfi og eftirlit fullorðinna.

Börn eiga rétt á frjálstri þátttöku í menningarlífi og listum og ber aðildarríkjum barnasáttmálans að koma í veg fyrir hindranir á aðgengi barns og þátttöku. Þá á barn jafnframt rétt á því að velja að taka ekki þátt í menningarlífi og listum ef það svo kýs.

### **2. mgr. 31. gr.**

**Aðgangur:** Veita á börnum tækifæri til að upplifa menningu og mismunandi form tjáningar.

**Þátttaka:** Tryggja þarf börnum raunveruleg tækifæri, sem einstaklingum og í hópi, til að tjá sig, eiga í samskiptum, framkvæma og taka þátt í skapandi athöfnum, í samræmi við aldur og þroska þeirra.

**Framlag:** Börn eiga rétt á að leggja andlegt, efnislegt, og tilfinningalegt framlag til menningar og lista, og stuðla þannig að framþróun samfélagsins.

### **Tengsl 31. gr. við meginreglur Barnasáttmálans**

**2. gr. Bann við mismunun:** Börn eiga rétt á að njóta hvíldar, tómstunda og menningarlífs án nokkurar mismununar.

**3. gr. Það sem er barni fyrir bestu:** Löggjöf, stefnumótun og fjárveitingar þurfa að taka mið af því sem er barni er fyrir bestu, hvort sem um er að ræða vinnu barna, menntun, eða skipulagsmál.

**6. gr. Réttur til lífs og þroska:** Barnaréttarnefndin telur að réttindin sem kveðið er á um í 31. gr. stuðli að auknum þroska og getu barna.

**12. gr. Réttur barns til að láta í ljós skoðanir sínar:** Barnaréttarnefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að börn fái að hafa áhrif á setningu löggjafar, við mótun stefnu og framkvæmd þjónustu sem snýr að viðfangsefni 31. gr.

### **Tengsl 31. gr. við aðrar greinar Barnasáttmálans**

**13. gr.:** Tjáningarfrelsi er nátengt rétti barna til frjálstrar þátttöku í menningu og listum. Börn eiga rétt á því að tjá sig á þann hátt sem þau velja, og má einungis setja tjáningarfrelsina skorður með lögum til að vernda t.d. réttindi annarra eða mannorð.

**14. gr.:** Börn eiga almennt rétt á að velja sér vini og aðild að félögum. Þroski barna krefst þess að þau fái að eiga í samskiptum við jafnaldra af báðum kynjum og einstaklinga með mismunandi hæfileika og bakgrunn í þeim tilgangi til að læra samvinnu og umburðarlyndi. Leikir og tómstundir skapa tækifæri til að mynda vináttu og stuðla að félagslegum, siðferðislegum og tilfinningalegum þroska barns. Þá verður einnig að virða og styðja við rétt barna til að stofna, ganga í og yfirgefa félagasamtök, ásamt rétti þeirra til friðsamlegra samkoma.

**17. gr.:** Börn eiga rétt á upplýsingum og fræðslu sem endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins, án staðalímynnda og á tungumáli sem þau skilja.

**22. gr.:** Börn á flóttu eiga erfiðara með að ná fram rétti sínum samkvæmt 31. gr., en tengsl þeirra við eigin hefðir og menningu hafa oft rofnað. Tryggja þarf jafnan aðgang barna í þessari stöðu og styðja þau í að halda í eigin hefðir og menningu.

**23. gr.:** Ytra umhverfi þarf að taka mið af þörfum fatlaðra barna þannig að þau fái notið réttar síns samkvæmt 31. gr. Aðildarríki verða að tryggja að fötluð börn séu jafnir og virkir þátttakendur í leik og tómstundastarfi, menningu og listum. Koma þarf á vitundarvakningu meðal barna og fullorðinna um réttindi fatlaðra barna á þessu sviði og veita þarf fötluðum börnum stuðning til þátttöku.

**24. gr.:** Veik börn og börn á sjúkrahúsum njóta einnig réttar samkvæmt 31. gr., sem getur jafnframt verið mikilvægur hluti af bataferli þeirra.

**28. og 29. gr.:** Menntun á að vera einstaklingsmiðuð og börn þurfa að fá tækifæri til að taka út menningarlegan og listrænan þroska með þátttöku í íþróttum og leikjum.

**30. gr.:** Aðildarríkjum ber að virða menningarleg einkenni barna sem tilheyra minnihlutahópum.

**32. gr.:** Ekki má skylda börn til erfiðisvinnu sem sviptir þau rétti sínum samkvæmt 31. gr.

**19., 34., 37. og 38. gr.:** Ofbeldi og ólögmæt frelsissvipting getur hindrað að börn fái notið réttar síns skv. 31. gr., sem og einelti af hálfu annarra barna. Aðildarríki þurfa því að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir og vernda börn gegn hvers konar ofbeldi og einelti.

**39. gr.:** Aðildarríkjum ber að tryggja að börn sem hafa upplifað ofbeldi fái stuðning. Það getur verið hluti af bataferli barns að vinna úr erfiðri reynslu í gegnum leik eða listir.

### **Framkvæmd 31. gr.**

**Umhverfi:** Börn eru hvatvís og leika sér jafnvel í ólíklegustu aðstæðum. Því þarf tryggja öruggar aðstæður svo að börn þroski með sér aukna færni og fái notið réttar síns skv. 31. gr.

- Skapa þarf umhverfi sem kemur í veg fyrir félagslega einangrun, fordóma, mismunun og ofbeldi.
- Tryggja þarf umhverfi sem er án hættulegra efna og laust við mikla umferð, þar sem börn geta athafnað sig og verið örugg í sínu nærumhverfi.

**Almenningsrými:** Ríki eru hvött til að skapa aðstæður í almenningsrýmum sem hvetja til samskipta milli kynslóða.

**Áhætta og öryggi:** Hópprýstingur getur leitt til áhættuhegðunar barna. Fjarlægja þarf hættur í umhverfi barna, t.d. loka fyrir umferð, bæta lýsingu eða aðstæður á skólalóðum og leikvöllum, og valdefla og upplýsa börn um hættur og viðbrögð við þeim. Barnaréttarnefndin leggur áherslu á að hlustað sé á börn og litið til reynslu þeirra og skoðana við mat á áhættu.

**Aðgangur að náttúru:** Börn læra að bera virðingu fyrir náttúrunni með því að komast í návígi við hana.

### **Þrýst á börn um að ná árangri á sviði menntunar:**

- Mörg börn upplifa þrýsting foreldra og annarra um að ná árangri í námi sem hindrar að þau fái notið réttar síns skv. 31. gr. Áhersla er á hefðbundnar kennsluáðferðir á kostnað þátttöku í leik sem hefur neikvæð áhrif á sköpun og félagslegan þroska.
- Kennsla utan skóla og heimanám hafa áhrif á frjálsan tíma barna.
- Námskrár taka ekki mið af þörfum barna fyrir leik, sköpun og hvíld.
- Börn eyða sífellt meiri tíma innandyra í skólum og hafa því minni tengingu við náttúruna.
- Með aukinni áherslu á bóknám fækkar tækifærum til menningarlegra og listrænna athafna.

- **Skipulagning stundatöflu**
  - Áhersla er í skólum á skipulagða afþreyingu sem gengur út á samkeppni og þar sem börn sæta þrýstingi um þátttöku.
- **Skortur á fjármagni**
  - Aðgengi barna að menningar- og listtengdri starfsemi er oft takmarkað vegna skorts á stuðningi foreldra og annarra fullorðinna, kostnaðar eða áherslu á fullorðið fólk. Telur barnaréttarnefndin mikilvægt að þeir sem standi að listviðburðum hugi að því hvernig hægt er að stuðla að þátttöku og áhuga barna.
- **Aukið hlutverk rafrænna miðla:**
  - Rafrænar upplýsingar og samskipti eru hluti af lífi barna og barnaréttarnefndin hefur áhyggjur af vísbendingum um skaðleg áhrif mikillar skjánotkunar.
    - Netíð og samfélagsmiðlar gera börn berskjölduð fyrir neteinelti, klámi og óæskilegum samskiptum.
    - Aukin þátttaka barna, sérstaklega drengja, í ofbeldisleikjum getur dregið úr eðlilegum viðbrögðum við ofbeldi og samúð og skilningi á þjáningum annarra.
    - Margir miðlar endurspeglar ekki samfélagslegan fjölbreytileika.
    - Aukinn skjátími er talinn hafa neikvæð áhrif á hreyfingu barna og svefn og getur leitt til fjölgunar sykursýkistilvika og annarra sjúkdóma.
- **Markaðssetning á leikföngum og tölvuleikjum:**
  - Barnaréttarnefndin hefur áhyggjur af því að börn og fjölskyldur séu berskjölduð gegn eftirlitslausri markaðssetningu leikfanga og tölvuleikja.
  - Telur nefndin að foreldrar sæti þrýstingu um kaup á leikföngum sem geta verið skaðleg þroska barna.

### **Viðkvæmir hópar barna**

**Stúlkur:** Barnaréttarnefndin hvetur aðildarríki til að grípa til aðgerða í því skyni að brjóta upp kynjaðar staðalímyndir sem ýta undir hegðun sem veldur mismunun og ójöfnum tækifærum.

Börn sem búa við fátækt sem og foreldralaus börn fá oft ekki notið réttinda sinna skv. 31. gr., Sveitarfélög þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi almenningsgarða og leikvalla fyrir þroska barna, sérstaklega þeirra sem búa við fátækt.

**Fötluð börn:** Fötluð börn fá ekki alltaf notið réttar síns skv. 31. gr., vegna útilokunar frá ákveðnum þáttum skólastarfs, einangrunar og aðgengshindrana að stöðum þar sem börn eiga félagsleg samskipti eins og leikvellir, almenningsgarðar, kvikmyndahús, tónleikastaðir, íþróttahús ofl. Þá getur framkvæmd ferðaþjónustu fyrir fötluð börn haft neikvæð áhrif. Barnaréttarnefndin minnir í þessu samhengi á 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem felur í sér viðurkenningu á rétti fatlaðs fólks til þess að taka þátt, til jafns við aðra, í menningarlífi.

**Börn á stofnunum:** Barnaréttarnefndin áréttar að aðildarríki Barnasáttmálans verða að koma í veg fyrir stofnanavæðingu barna. Þar til því markmiði er náð þarf að tryggja að stofnanir fyrir börn skapi tækifæri fyrir þau til að eiga í samskiptum við jafnaldra utan stofnunar, taka þátt í leikjum, hreyfingu, menningarstarfi og listsköpun. Þá þurfa börn á stofnunum að búa við öruggt og örvasandi umhverfi sem styður við fyrir frjálsan leik og tómsundur.

### **Skyldur aðildarríkja samkvæmt 31. gr.**

#### **1) Virðing**

Aðildarríki verða að vera meðvituð um og virða rétt barna til hvíldar, tómsunda, leikja, menningar og lista og tryggja þarf þann rétt án mismununar.

- Aðildarríki þurfa að styðja umönnunaraðila barna og gera þeim kleift að skapa umhverfi sem styður við börn í leik og sköpun.

#### **2) Vernd**

Aðildarríki þurfa að tryggja að þriðji aðili hindri ekki að börn fái notið réttinda sinna skv. 31. gr.

#### **3) Innleiðing**

Aðildarríki þurfa að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að innleiða þau réttindi sem felast í 31. gr., í löggjöf, stefnumótun og framkvæmd.

### **Hinn gleymdi réttur.**

Samkvæmt framangreindu er ljóst að réttur barna til hvíldar, tómsunda, lista og menningar er ekki síður mikilvægur börnum en grunnþarfir þeirra. Menning, hefðir, listir og leikur hafa áhrif á sjálfsmynd barna og brýnt er að börn njóti jafnra tækifæra á því sviði.